Öryggisblað

Höfundarréttur,2025, 3M Company. Öll réttindi áskilin. Afritun og/eða niðurhal á þessum upplýsingum til að stuðla að tilhlýðilegri notkun á 3M vörum er leyft, að því tilskildu að: (1) upplýsingarnar séu afritaðar að fullu og engar breytingar gerðar á þeim nema með skriflegu samþykki frá 3M, og (2) hvorki afritið né upprunalega eintakið sé endurselt eða því dreift í því skyni að hagnast á því.

Skjalaflokkur:	10-0286-4	**Útgáfunúmer:**	5.02
Dagsetning endurskoðunar:	13/06/2025	**Leysir af hólmi dags.:**	06/08/2024

Þetta öryggisblað var samið í samræmi við REACH-reglugerð (1907/2006) og breytingar á henni.

1. LIÐUR: Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1. Vörukenni
3M™ Edge Sealer 3950

Auðkennisnúmer vöru
75-3472-1519-8

7000005295

1.2. Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá

Tilgreind notkun
Þéttiefni

1.3. Upplýsingar um birgi öryggisblaðsins

HEIMILISFANG:	3M a/s, Hannemanns Allé 53, 2300 KBH.S. Danmark
Sími:	(+45) 43480100
Netfang:	ner-productstewardship@mmm.com
Vefsvæði:	www.3M.com/dk

1.4. Neyðarsímanúmer
Eitrunarmiðstöð Landspítala, sími (+354) 543-2222

2. LIÐUR: Hættugreining

2.1. Flokkun efnisins eða blöndunnar
CLP-REGLUGERÐ (EB) nr. 1272/2008

Heilbrigðis- og umhverfisflokkun þessa efnis er fengin með útreikningi, nema í tilvikum þar sem niðurstöður prófana eru fyrir hendi eða flokkun áhrifa eðlisástands. Flokkun byggð á niðurstöðum prófana eða eðlisástandi er tilgreind hér fyrir neðan ef við á.
Ekki er þörf á flokkun í ásvelgingarhættu vegna seigju vörunnar.

FLOKKUN:
Eldfimir vökvar, undirflokkur 3 – Flam. Liq. 3; H226

Bráð eiturhrif, undirflokkur 4 – Acute Tox. 4; H312
Bráð eiturhrif, undirflokkur 4 – Acute Tox. 4; H332
Húðæting/húðerting, undirflokkur 2 – Skin Irrit. 2; H315
Alvarlegur augnskaði/augnerting, undirflokkur 2 – Eye Irrit. 2; H319
Sértæk eiturhrif á marklíffæri – endurtekin váhrif, undirflokkur 2 – STOT RE 2; H373
Sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti, undirflokkur 3 – STOT SE 3; H335
Hættulegt fyrir vatnsumhverfi (langvinn eiturhrif), undirflokkur 3 – Aquatic Chronic 3; H412

Í lið 16 er að finna heildartexta hættusetninga.

2.2. Merkingaratriði
CLP-REGLUGERÐ (EB) nr. 1272/2008

VIÐVÖRUNARORÐ
VARÚÐ.

Tákn:
GHS02 (Eldur) |GHS07 (Upphrópunarmerki) |GHS08 (Heilbrigðishætta) |

Hættumerki



Innihaldsefni:

Innihaldsefni	CAS-nr.	EB-nr.	% þyngdar
Xýlen	1330-20-7	215-535-7	40 - 60

HÆTTUSETNINGAR:

H226	Eldfimur vökvi og gufa.
H312 + H332	Harmful in contact with skin or if inhaled.
H315	Veldur húðertingu.
H319	Veldur alvarlegri augnertingu.
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif: taugakerfi | skynfæri.
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

VARNAÐARSETNINGAR

Forvarnir:

P210	Haldið frá hitagjöfum, heitum flötum, neistagjöfum, opnum eldi og öðrum íkveikivöldum. Reykingar bannaðar.
P260A	Andið ekki að ykkur gufu.

Viðbrögð:

P305 + P351 + P338	BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.

48% blöndunnar innihalda efni með óþekkt bráð eiturhrif við inntöku.
48% blöndunnar innihalda efni með óþekkt bráð eiturhrif á húð.
48% blöndunnar innihalda efni með óþekkt bráð eiturhrif við innöndun.

Inniheldur 48% af efnisþáttum með óþekkta hættu fyrir lífríki í vatni.

2.3. Aðrar hættur

Ekkert þekkt.
Þetta efni inniheldur engin efni flokkuð sem PBT- eða vPvB-efni

3. LIÐUR: Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1. Efni
Á ekki við.

3.2. Blöndur

Innihaldsefni	Auðkenni	%	Flokkun í samræmi við reglugerð (EB) Nr. 1272/2008 [CLP]
Xýlen	CAS-nr.) 1330-20-7 (EB-nr.) 215-535-7 (REACH-No.) 01-2119488216-32	40 - 60	Flam. Liq. 3, H226 Acute Tox. 4, H332 Acute Tox. 4, H312 Skin Irrit. 2, H315 Nota C,C Asp. Tox. 1, H304 Eye Irrit. 2, H319 STOT SE 3, H335 STOT RE 2, H373 Aquatic Chronic 3, H412
UMBREYTT AKRÝLRESÍN	Viðskiptaleyndarmál	40 - 50	Efni ekki flokkað sem hættulegt
Tólúen	CAS-nr.) 108-88-3 (EB-nr.) 203-625-9	< 1	Flam. Liq. 2, H225 Asp. Tox. 1, H304 Skin Irrit. 2, H315 Repr. 2, H361d STOT SE 3, H336 STOT RE 2, H373 Aquatic Chronic 3, H412

Í lið 16 er að finna heildartexta hættusetninga sem tilgreindar eru í þessum lið.

Frekari upplýsingar um viðmiðunarmörk innihaldsefnis fyrir váhrif í starfi eða stöðu PBT eða vPvB-eiginleika má sjá í liðum 8 og 12 á þessu öryggisblaði.

4. LIÐUR: Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp

Innöndun:
Flytjið viðkomandi í ferskt loft. Leitið læknis ef lasleika verður vart.

Snerting við húð:
Þvoið tafarlaust með sápu og vatni. Fjarlægið fatnað sem hefur óhreinkast og þvoið fyrir næstu notkun. Ef einkenni þróast skal leita læknishjálpar.

Snerting við augu:
Skolið umsvifalaust með miklu vatni í minnst 15 mínútur. Fjarlægið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram. Leitið læknis tafarlaust.

Eftir inntöku:
Skolið munninn. Leitið læknis ef lasleika verður vart.

4.2. Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin
Mikilvægustu einkenni og áhrif samkvæmt CLP-flokkun (reglugerð EB nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun) eru meðal annars:
Ertir öndunarfæri (hósti, hnerri, nefrennsli, höfuðverkur, hæsi og verkur í nefi og hálsi). Hættulegt við innöndun. Óþægindi í húð (staðbundinn roði, bólga, kláði og þurrkur). Hættulegt í snertingu við húð. Alvarleg óþægindi í augum (umtalsverður roði, bólgur, sársauki, táramyndun og skert sjón). Áhrif á marklíffæri. Sjá nánari upplýsingar í kafla 11.

4.3. Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á
Á ekki við

5. LIÐUR: Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1. Slökkvibúnaður
Ef eldur kemur upp: Notið slökkviefni sem hentar eldfimum vökvum, eins og þurrefni eða koltvísýring, til að slökkva eldinn.

5.2. Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar
Lokuð ílát sem komast í snertingu við varma frá eldi kunna að byggja upp þrýsting og springa.

Hættulegt niðurbrot eða aukaafurðir

Efni	Ástand
Kolsýringur	Við bruna
Koltvísýringur	Við bruna
Ertandi gufur eða lofttegundir	Við bruna

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn
Hugsanlega er ekki hægt að slökkva eldinn með vatni, en það skal nota til að halda ílátum og yfirborði nærri eldi köldum og til að koma í veg fyrir sprengingar. Notið heildstæðan hlífðarfatnað, þar með talinn hjálm, sjálfbirgðan öndunarbúnað með yfirþrýstingi eða þrýstingsþörf, hlífðarjakka og hlífðarbuxur, endurskinsborða um handleggi, mitti og fótleggi, andlitsgrímu og hlífðarbúnað fyrir óvarin svæði á höfðinu.

6. LIÐUR: Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir
Notið persónuhlífar samkvæmt niðurstöðum mats á váhrifum. Ráðleggingar um persónuhlífar er að finna í hluta 8. Ef væntanleg váhrif sem stafa af losun fyrir slysni fara yfir verndargetu persónuhlífarinnar sem talin er upp í hluta 8 eða eru óþekkt, skal velja persónuhlíf sem veitir viðeigandi vernd. Hafa skal í huga líkamlegar og efnafræðilegar hættur efnisins. Dæmi um samsetningar persónuhlífa til að bregðast við neyðartilvikum geta falið í sér að klæðast slökkviliðsbúningi vegna losunar á eldfimu efni, að klæðast efnahlífðarfatnaði ef efnið sem helltist niður er ætandi, næmandi, verulega húðertandi eða getur frásogast í gegnum húðina, eða að setja á sig öndunargrímu með innbyrðis lofti (SAR) fyrir efni sem eru hættuleg við innöndun. Upplýsingar um líkamlega og heilsufarslega hættu er að finna í hluta 2 og 11 á öryggisblaðinu. Rýmið svæðið. Haldið frá hitagjöfum/neistagjöfum/opnum eldi/heitu yfirborði. – Reykingar bannaðar. Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Loftræstið svæðið vel. Við mikinn leka, eða leka í lokuðum rýmum, skal útvega vélknúna loftræstingu til að dreifa eða þurrausa gufur í samræmi við góðar hreinlætisvenjur í iðnaði. Varúð! Mótor getur verið kveikjugjafi og valdið því að eldfimar lofttegundir eða gufur á lekasvæðinu brenni eða springi.

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins
Forðist losun út í umhverfið. Fyrir stærri leka skal loka fyrir niðurföll og grafa skurði til að koma í veg fyrir að efnið komist í holræsakerfi eða vatnshlot.

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar
Afmarkið leka. Setjið slökkvifroðu á lekasvæðið. Ráðlagt er að nota viðeigandi vatnskennda himnumyndandi froðu

(AFFF). Vinnið ykkur inn að miðju frá jaðri lekans og þekið svæðið með bentóníti, vermikúlíti eða öðru tiltæku ólífrænu ídrægu efni. Blandið nægu ídrægu efni við þar til lekinn virðist hafa þornað upp. Hafið í huga að þótt notast sé við ídrægt efni er ekki búið að fjarlægja líkamlega-, heilsu- eða umhverfishættu. Safnið upp eins miklu af efnalekanum og unnt er með því að nota búnað sem ekki myndar neista. Setjið í málmílát sem samþykkt er til flutnings af viðeigandi yfirvöldum. Hreinsið efnaleifar upp með viðeigandi leysiefni, sem valið er af hæfum og viðurkenndum einstaklingi. Loftræstið svæðið vel. Lesið og fylgið varúðarráðstöfunum á merkingum leysiefnisins og öryggisblaði. Lokið ílátinu. Fargið efninu eins fljótt og unnt er.

6.4. Tilvísun í aðra liði
Frekari upplýsingar er að finna í liðum 8 og 13

7. LIÐUR: Meðhöndlun og geymsla

7.1. Varúðarráðstafanir fyrir örugga meðhöndlun
Aðeins til notkunar í iðnaði/atvinnuskyni. Ekki til almennrar sölu né notkunar. Nauðsynlegt er að lesa og skilja allar viðvaranir áður en efnið er notað. Haldið frá hitagjöfum/neistagjöfum/opnum eldi/heitu yfirborði. – Reykingar bannaðar. Notið ekki verkfæri sem mynda neista. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni. Andið ekki að ykkur ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi. Má ekki komast í augu eða á húð eða föt. Neytið ekki matar, drykkjar eða tóbaks við notkun þessarar vöru. Þvoið vandlega eftir meðhöndlun. Forðist losun út í umhverfið. Forðist snertingu við oxandi efni (t.d. klór, krómsýru o.s.frv.). Klæðist skóm sem mynda lítið stöðurafmagn eða eru jarðtengdir. Notið tilskildar persónuhlífar (hanskar, öndunarhlífar o.s.frv.). Til að draga úr hættu á íkveikju skal ákvarða gildandi rafmagnsflokkanir fyrir ferlið sem notast við vöruna og velja sérstaka staðbundna útblástursloftræstingu til að forðast uppsöfnun á eldfimum gufum. Jarðtengið/spennujafnið ílát og viðtökubúnað ef möguleiki er á uppsöfnun stöðurafmagns við flutning.

7.2. Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika
Geymist á vel loftræstum stað. Ílát skal vera vel lukt. Geymist á köldum stað. Hlífið við sólarljósi. Geymist fjarri hita. Geymist fjarri sýrum. Geymist fjarri oxunarefnum.

7.3. Sértæk, endanleg notkun
Upplýsingar um ráðlagða meðhöndlun og geymslu má sjá í lið 7.1 og 7.2. Lesa má um váhrifavarnir og ráðleggingar um persónuhlífar í lið 8.

8. LIÐUR: Váhrifavarnir/persónuhlífar

8.1. Takmörkunarfæribreytur

Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi
Ef efnisþáttur er tilgreindur í lið 3 en er ekki sýndur í töflunni hér á eftir eru viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi ekki fyrirliggjandi fyrir efnisþáttinn.

Innihaldsefni	CAS-nr.	Stofnun	Gerð takmörkunar	Frekari athugasemdir
Tólúen	108-88-3	OEL, Ísland	TWA (8 klukkustundir): 94 mg/m3 (25 milljónarhlutar); STEL (15 mínútur): 188 mg/m3 (50 milljónarhlutar)	HÚÐ
Xýlen	1330-20-7	OEL, Ísland	TWA (8 klukkustundir): 109 mg/m3 (25 milljónarhlutar); STEL (15 mínútur): 442 mg/m3 (100 milljónarhlutar)	HÚÐ

OEL, Ísland : Ísland. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif í starfi. Reglugerð 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum, eins og henni var breytt með reglugerð 1296/2012
TWA: tímavegið meðaltal
STEL: viðmiðunarmörk skammvinnra váhrifa
E.MÖRK: Efri mörk

Afleidd áhrifaleysismörk (DNEL)

Innihaldsefni	Niðurbrotsefni	Þýði	Mynstur fyrir áhrif á menn	DNEL
Xýlen		Starfsmaður	Langtímaváhrif (8 klukkustundir) gegnum húð, altæk áhrif	180 mg/kg líkamsþyngdar/dag
Xýlen		Starfsmaður	Langtímaváhrif (8 klukkustundir) við innöndun, staðbundin áhrif	77 mg/m3
Xýlen		Starfsmaður	Langtímaváhrif (8 klukkustundir) við innöndun, altæk áhrif	77 mg/m3
Xýlen		Starfsmaður	Skammvinn váhrif við innöndun, staðbundin áhrif	289 mg/m3
Xýlen		Starfsmaður	Skammvinn váhrif við innöndun, altæk áhrif	289 mg/m3

Styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg (PNEC)

Innihaldsefni	Niðurbrotsefni	Hólf	PNEC
Xýlen		Nytjajarðvegur	2,31 mg/kg d.w.
Xýlen		Ferskvatn	0,327 mg/l
Xýlen		Ferskvatnssetlög	12,46 mg/kg d.w.
Xýlen		Sjór	0,327 mg/l
Xýlen		Set í sjó	12,46 mg/kg d.w.
Xýlen		Skólphreinsistöð	6,58 mg/l

Ráðlagðar vöktunaraðferðir: Upplýsingar um ráðlagðar vöktunaraðferðir má fá á Íslandi

8.2. Váhrifavarnir

Frekari upplýsingar er að finna í viðauka.

8.2.1. Viðeigandi tæknilegt eftirlit
Notið almenna þynningarloftræstingu og/eða staðbundna útblástursloftræstingu til að stjórna váhrifum í lofti fyrir viðeigandi váhrifamörk hér fyrir neðan og/eða stjórna ryki/reyk/lofttegundum/úða/gufu/ýringi. Notið öndunarhlífar ef loftræsting er ófullnægjandi. Notið sprengiheldan loftræstibúnað.

8.2.2. Persónuhlífar (PPE)

Hlífðargleraugu/andlitshlífar

Veljið og notið hlífðargleraugu/andlitshlífar, á grunni niðurstaðna váhrifamats, til að koma í veg fyrir snertingu. Ráðlagt er að nota eftirfarandi hlífðargleraugu/andlitshlífar:
Hlífðargleraugu með óbeinum loftopum

Gildandi viðmið/staðlar
Notið augnhlífar sem samræmast EN 166

Hlífðarbúnaður fyrir húð/hendur
Veljið og notið hanska og/eða hlífðarfatnað sem samþykktur er í staðbundnum stöðlum til að koma í veg fyrir snertingu við húð, út frá mati á váhrifum. Valið skal byggjast á notkunarþáttum eins og váhrifum, styrk efnisins eða blöndunnar, tíðni og tímalengd, líkamlegum þáttum, t.d. of miklum hita eða kulda, og öðrum notkunarskilyrðum. Ráðgist við framleiðanda hanskanna og/eða hlífðarfatnaðarins við val á viðeigandi samhæfum hönskum/hlífðarfatnaði. Athugasemd: Klæðast má

nítrílhönskum yfir hanska úr fjölliðum úr samlímdu plasti til að auka lipurð.
Mælt er með hönskum úr eftirfarandi efni:

Efni	**Þykkt (mm)**	**Gegnumbrotstími**
Flúoróelastómer	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi
Fjölliða úr samlímdu plasti	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi

Gildandi viðmið/staðlar
Notið hanska sem eru prófaðir samkvæmt EN 374

Öndunarhlífar

Vera má að nauðsynlegt sé að gera útsetningarmat til að ákvarða hvort öndunarvél sé nauðsynle. Ef öndunarvél er nauðsynleg skal nota hana sem hluta af öndunarverndarferli. Samkvæmt niðurstöðum útsetningarmats skal velja um eftirfandi tegundir öndunarvéla til að draga úr útsetningu vegna innöndunar:
Lofthreinsandi öndunarhlíf með hálfgrímu eða algrímu sem hentar fyrir lífrænar gufur og agnir.

Hafið samband við framleiðanda öndunarhlífarinnar ef upp koma spurningar um sérstaka notkun.

Gildandi viðmið/staðlar
Notið öndunarhlíf sem samræmist EN 140 eða EN 136: síugerðir A og P

8.2.3.Váhrifavarnir vegna umhverfis
Sjá viðauka

9. LIÐUR: Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1. Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika

Eðlisástand	Vökvi
Litur	Litlaust
lykt	Væg leysislykt
Lyktarmörk	*Engin gögn fyrirliggjandi*
Bræðslumark/frostmark	*Á ekki við.*
Suðumark/suðumarksbil	>=136,1 ºC
Eldfimi	Eldfimur vökvi: Flokkur 3.
Íkveikjumörk (LEL)	1 %
Íkveikjumörk (UEL)	7 %
Blossamark	25 ºC [*Prófunaraðferð:*Tagliabue, lokaður bolli]
Sjálfsíkveikjuhitastig	>=432,2 ºC
Niðurbrotshitastig	*Engin gögn fyrirliggjandi*
pH-gildi	*Efnið/efnablandan er ekki vatnsleysanlegt*
Eðlisseigja	412 mm²/sek.
Vatnsleysni	Engin
Leysni – ekki í vatni	*Engin gögn fyrirliggjandi*
Deilistuðull n-oktanól/vatn	*Engin gögn fyrirliggjandi*
Gufuþrýstingur	<=946,6 Pa [@ 20 ºC]
Þéttleiki	0,97 g/ml
Eðlismassi	0,97 [*Prófunaraðferð:*Prófað í samræmi við ASTM-verklag] [*Viðmiðunarstaðall:*VATN=1]
Hlutfallslegur eðlismassi gufu	>=1 [*Viðmiðunarstaðall:*LOFT=1]
Einkenni agna	*Á ekki við.*

9.2. Aðrar upplýsingar

9.2.2 Aðrir öryggiseiginleikar

Rokgjörn, lífræn sambönd	*Engin gögn fyrirliggjandi*
Uppgufunarhraði	<=1 [*Viðmiðunarstaðall:*BUOAC=1]
Mólþyngd	*Engin gögn fyrirliggjandi*
Hlutfall rokgirni	50 - 60 Þyngd %

10. LIÐUR: Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1. Hvarfgirni
Þetta efni kann að vera hvarfgjarnt með sumum efnum við tilteknar aðstæður – sjá undir fyrirsögnum í þessum lið.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki
Stöðugt.

10.3. Möguleiki á hættulegu efnahvarfi
Hættuleg fjölliðun mun ekki eiga sér stað.

10.4. Skilyrði sem ber að varast
Hiti
Neistar og/eða logar

10.5. Ósamrýmanleg efni
Sterk oxunarefni

10.6. Hættuleg niðurbrotsefni

Efni	**Ástand**
Ekkert þekkt.	

Í lið 5.2 má sjá hættuleg niðurbrotsefni við bruna.

11. LIÐUR: Eiturefnafræðilegar upplýsingar

The information below may not agree with the EU material classification in Section 2 and/or the ingredient classifications in Section 3 if specific ingredient classifications are mandated by a competent authority. In addition, statements and data presented in Section 11 are based on UN GHS calculation rules and classifications derived from internal hazard assessments.

11.1. Upplýsingar um hættuflokka eins og skilgreint er í reglugerð (EB) Nr. 1272/2008

Einkenni váhrifa

Samkvæmt prófunargögnum og/eða upplýsingum um efnisþætti gæti þetta efni haft eftirfarandi heilsufarsleg áhrif:

Innöndun:
Getur verið hættulegt við innöndun. Getur haft önnur heilsufarsleg áhrif (sjá hér á eftir).

Snerting við húð:
Getur verið hættulegt í snertingu við húð. Væg húðerting: Einkenni kunna að vera staðbundinn roði, bólgumyndun, kláði og þurrkur.

Snerting við augu:

Augnerting í meðallagi: Einkenni kunna að vera roði, bólgumyndun, sársauki, táramyndun og þokusýn.

Inntaka:
Getur verið hættulegt við inntöku. Erting í meltingarvegi: Einkenni kunna að vera verkur í kviðarholi, magakveisa, ógleði, uppköst og niðurgangur. Getur haft önnur heilsufarsleg áhrif (sjá hér á eftir).

Önnur áhrif á heilbrigði:

Váhrif í eitt skipti geta haft áhrif á marklíffæri:
Áhrif á heyrn: Einkenni kunna að vera skert heyrn, jafnvægistruflanir og suð í eyrum. Skert starfsemi miðtaugakerfis: Einkenni kunna að vera höfuðverkur, svimi, sljóleiki, ósamræmi í hreyfingum, ógleði, lengri viðbragðstími, óskýrt mál, svimrandi og meðvitundarleysi.

Langvarandi eða endurtekin váhrif geta haft áhrif á marklíffæri:
Áhrif á heyrn: Einkenni kunna að vera skert heyrn, jafnvægistruflanir og suð í eyrum. Taugafræðileg áhrif: Einkenni kunna að vera persónuleikabreytingar, ósamræmi í hreyfingum, takmörkuð notkun skynfæra, stingir eða dofi í útlimum, slappleiki, skjálfti og/eða breytingar á blóðþrýstingi og hjartslætti.

Eiturhrif á æxlun/þroska:
Inniheldur efni sem getur/geta valdið fæðingargöllum eða öðrum skaðlegum áhrifum á æxlun.

Krabbameinsvaldandi áhrif:
Inniheldur efni sem getur/geta valdið krabbameini.

Eiturefnafræðileg gögn
Ef efnisþáttur er tilgreindur í lið 3 en er ekki sýndur í töflunni hér á eftir eru annaðhvort engin gögn fyrirliggjandi fyrir þann endapunkt eða gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun.

Bráð eiturhrif

Heiti	Leið	Tegundir	Gildi
Varan í heild	Gegnum húð		Engin gögn fyrirliggjandi; útreiknað ATE (matsgildi bráðra eiturhrifa) >2.000 - =5.000 mg/kg
Varan í heild	Innöndun á gufu(4 klst.)		Engin gögn fyrirliggjandi; útreiknað ATE (matsgildi bráðra eiturhrifa) >20 - =50 mg/l
Varan í heild	Inntaka		Engin gögn fyrirliggjandi; útreiknað ATE (matsgildi bráðra eiturhrifa) >2.000 - =5.000 mg/kg
Xýlen	Gegnum húð	Kanína	LD50 > 4.200 mg/kg
Xýlen	Innöndun á gufu (4 klukkustundir)	Rotta	LC50 29 mg/l
Xýlen	Inntaka	Rotta	LD50 3.523 mg/kg
Tólúen	Gegnum húð	Rotta	LD50 12.000 mg/kg
Tólúen	Innöndun á gufu (4 klukkustundir)	Rotta	LC50 30 mg/l
Tólúen	Inntaka	Rotta	LD50 5.550 mg/kg

ATE = Matsgildi bráðra eiturhrifa

Húðæting/húðerting

Heiti	Tegundir	Gildi
Xýlen	Kanína	Væg ertandi áhrif
Tólúen	Kanína	Ertandi

Alvarlegur augnskaði/augnerting

Heiti	Tegundir	Gildi
Xýlen	Kanína	Væg ertandi áhrif
Tólúen	Kanína	Erting í meðallagi

Húðnæming

Heiti	Tegundir	Gildi
Tólúen	Naggrís	Óflokkað

Næming öndunarfæra

Gögnin fyrir efnisþátt/efnisþætti eru annaðhvort ekki fyrirliggjandi sem stendur eða fullnægjandi fyrir flokkun.

Stökkbreytandi áhrif á kímfrumur

Heiti	Leið	Gildi
Xýlen	Í glasi	Ekki stökkbreytandi
Xýlen	Í lífi	Ekki stökkbreytandi
Tólúen	Í glasi	Ekki stökkbreytandi
Tólúen	Í lífi	Ekki stökkbreytandi

Krabbameinsvaldandi áhrif

Heiti	Leið	Tegundir	Gildi
Xýlen	Gegnum húð	Rotta	Ekki krabbameinsvaldandi
Xýlen	Inntaka	Margar dýrategundir	Ekki krabbameinsvaldandi
Xýlen	Innöndun	Maður	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun
Tólúen	Gegnum húð	Mús	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun
Tólúen	Inntaka	Rotta	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun
Tólúen	Innöndun	Mús	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun

Eiturhrif á æxlun

Áhrif á æxlun og/eða þroska

Heiti	Leið	Gildi	Tegundir	Niðurstaða prófunar	Tímalengd váhrifa
Xýlen	Innöndun	Ekki flokkað fyrir æxlun kvendýra	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	Váhrif í starfi
Xýlen	Inntaka	Óflokkað	Mús	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	Við myndun líffæra
Xýlen	Innöndun	Óflokkað	Margar dýrategundir	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	A meðgöngu
Tólúen	Innöndun	Ekki flokkað fyrir æxlun kvendýra	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	Váhrif í starfi
Tólúen	Innöndun	Ekki flokkað fyrir æxlun karldýra	Rotta	NOAEL 2,3 mg/l	1 kynslóðir
Tólúen	Inntaka	Eitrað fyrir þroska	Rotta	LOAEL 520 mg/kg/dagur	A meðgöngu
Tólúen	Innöndun	Eitrað fyrir þroska	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	eitrun og/eða misnotkun

Mjólkurmyndun

Heiti	Leið	Tegundi	Gildi

		r	
Xýlen	Inntaka	Mús	Ekki flokkað fyrir áhrif á mjólkurmyndun eða um mjólkurgjöf

Marklíffæri

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – váhrif í eitt skipti

Heiti	Leið	Marklíffæri	Gildi	Tegundir	Niðurstaða prófunar	Tímalengd váhrifa
Xýlen	Innöndun	heyrnarfæri	Skaðar líffæri	Rotta	LOAEL 6,3 mg/l	8 klukkustundir
Xýlen	Innöndun	skert starfsemi miðtaugakerfis	Getur valdið sljóleika eða svima	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Xýlen	Innöndun	erting í öndunarfærum	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Xýlen	Innöndun	augu	Óflokkað	Rotta	NOAEL 3,5 mg/l	ekki fyrirliggjandi
Xýlen	Innöndun	lifur	Óflokkað	Margar dýrategundir	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Xýlen	Inntaka	skert starfsemi miðtaugakerfis	Getur valdið sljóleika eða svima	Margar dýrategundir	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Xýlen	Inntaka	augu	Óflokkað	Rotta	NOAEL 250 mg/kg	Á ekki við.
Tólúen	Innöndun	skert starfsemi miðtaugakerfis	Getur valdið sljóleika eða svima	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Tólúen	Innöndun	erting í öndunarfærum	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Tólúen	Innöndun	ónæmiskerfi	Óflokkað	Mús	NOAEL 0,004 mg/l	3 klukkustundir
Tólúen	Inntaka	skert starfsemi miðtaugakerfis	Getur valdið sljóleika eða svima	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	eitrun og/eða misnotkun

Sértæk eiturhrif á marklíffæri – endurtekin váhrif

Heiti	Leið	Marklíffæri	Gildi	Tegundir	Niðurstaða prófunar	Tímalengd váhrifa
Xýlen	Innöndun	taugakerfi	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	Rotta	LOAEL 0,4 mg/l	4 vikur
Xýlen	Innöndun	heyrnarfæri	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	Rotta	LOAEL 7,8 mg/l	5 dagar
Xýlen	Innöndun	lifur	Óflokkað	Margar dýrategundir	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Xýlen	Innöndun	hjarta | innkirtlakerfi | meltingarvegur | blóðfrumumyndandi kerfi | vöðvar | nýra og/eða þvagblaðra | öndunarfæri	Óflokkað	Margar dýrategundir	NOAEL 3,5 mg/l	13 vikur
Xýlen	Inntaka	heyrnarfæri	Óflokkað	Rotta	NOAEL 900 mg/kg/dagur	2 vikur
Xýlen	Inntaka	nýra og/eða þvagblaðra	Óflokkað	Rotta	NOAEL 1.500 mg/kg/dagur	90 dagar
Xýlen	Inntaka	lifur	Óflokkað	Margar dýrategundir	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	
Xýlen	Inntaka	hjarta | húð | innkirtlakerfi | bein, tennur, neglur og/eða hár | blóðfrumumyndandi	Óflokkað	Mús	NOAEL 1.000 mg/kg/dagur	103 vikur

		kerfi | ónæmiskerfi | taugakerfi | öndunarfæri				
Tólúen	Innöndun	heyrnarfæri | taugakerfi | augu | lyktarskyn	Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	eitrun og/eða misnotkun
Tólúen	Innöndun	öndunarfæri	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun	Rotta	LOAEL 2,3 mg/l	15 mánuðir
Tólúen	Innöndun	hjarta | lifur | nýra og/eða þvagblaðra	Óflokkað	Rotta	NOAEL 11,3 mg/l	15 vikur
Tólúen	Innöndun	innkirtlakerfi	Óflokkað	Rotta	NOAEL 1,1 mg/l	4 vikur
Tólúen	Innöndun	ónæmiskerfi	Óflokkað	Mús	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	20 dagar
Tólúen	Innöndun	bein, tennur, neglur og/eða hár	Óflokkað	Mús	NOAEL 1,1 mg/l	8 vikur
Tólúen	Innöndun	blóðfrumumyndandi kerfi | æðakerfi	Óflokkað	Maður	NOAEL Ekki fyrirliggjandi	Váhrif í starfi
Tólúen	Innöndun	meltingarvegur	Óflokkað	Margar dýrategundir	NOAEL 11,3 mg/l	15 vikur
Tólúen	Inntaka	taugakerfi	Einhverjar jákvæðar niðurstöður eru til staðar en gögnin eru ekki fullnægjandi fyrir flokkun	Rotta	NOAEL 625 mg/kg/dagur	13 vikur
Tólúen	Inntaka	hjarta	Óflokkað	Rotta	NOAEL 2.500 mg/kg/dagur	13 vikur
Tólúen	Inntaka	lifur | nýra og/eða þvagblaðra	Óflokkað	Margar dýrategundir	NOAEL 2.500 mg/kg/dagur	13 vikur
Tólúen	Inntaka	blóðfrumumyndandi kerfi	Óflokkað	Mús	NOAEL 600 mg/kg/dagur	14 dagar
Tólúen	Inntaka	innkirtlakerfi	Óflokkað	Mús	NOAEL 105 mg/kg/dagur	28 dagar
Tólúen	Inntaka	ónæmiskerfi	Óflokkað	Mús	NOAEL 105 mg/kg/dagur	4 vikur

Ásvelgingarhætta

Heiti	Gildi
Xýlen	Ásvelgingarhætta
Tólúen	Ásvelgingarhætta

Hafið samband við heimilisfangið eða símanúmerið á fyrstu síðu öryggisblaðsins til að fá frekari eiturefnafræðilegar upplýsingar um þetta efni og/eða efnisþætti þess.

11.2. Upplýsingar um aðra hættu

Í þessu efni eru engin efni sem talin eru séu hormónaraskandi fyrir heilsu manna.

12. LIÐUR: Vistfræðilegar upplýsingar

Upplýsingarnar hér á eftir eru hugsanlega ekki í samræmi við efnisflokkun Evrópusambandsins í lið 2 og/eða flokkun á innihaldsefnum í lið 3, ef sérstök flokkun á innihaldsefnum er áskilin af lögbæru yfirvaldi. Að auki eru fullyrðingar og gögn sem sett eru fram í lið 11 byggð á útreikningsreglum og flokkun Sameinuðu þjóðanna fyrir hnattsamræmt flokkunarkerfi (GHS) sem unnar eru upp úr mati 3M.

12.1. Eiturhrif

Engin prófunargögn vöru fyrirliggjandi

Efni	CAS-númer	Lífvera	Gerð	Váhrif	Endapunktur	Niðurstaða

					prófunarinnar	prófunar
Xýlen	1330-20-7	Virk seyra	Áætlað	3 klukkustundir	NOEC	157 mg/l
Xýlen	1330-20-7	Grænþörungar	Áætlað	72 klukkustundir	EC50	4,36 mg/l
Xýlen	1330-20-7	Regnbogasilungur	Áætlað	96 klukkustundir	LC50	2,6 mg/l
Xýlen	1330-20-7	Vatnafló	Áætlað	48 klukkustundir	EC50	3,82 mg/l
Xýlen	1330-20-7	Grænþörungar	Áætlað	72 klukkustundir	NOEC	0,44 mg/l
Xýlen	1330-20-7	Vatnafló	Áætlað	7 dagar	NOEC	0,96 mg/l
Xýlen	1330-20-7	Regnbogasilungur	Tilraun	56 dagar	NOEC	>1,3 mg/l
Tólúen	108-88-3	Silfurlax	Tilraun	96 klukkustundir	LC50	5,5 mg/l
Tólúen	108-88-3	Strandrækja	Tilraun	96 klukkustundir	LC50	9,5 mg/l
Tólúen	108-88-3	Grænþörungar	Tilraun	72 klukkustundir	EC50	12,5 mg/l
Tólúen	108-88-3	Hlébarðafroskur	Tilraun	9 dagar	LC50	0,39 mg/l
Tólúen	108-88-3	Hnúðlax	Tilraun	96 klukkustundir	LC50	6,41 mg/l
Tólúen	108-88-3	Vatnafló	Tilraun	48 klukkustundir	EC50	3,78 mg/l
Tólúen	108-88-3	Silfurlax	Tilraun	40 dagar	NOEC	1,39 mg/l
Tólúen	108-88-3	Tvíátóma	Tilraun	72 klukkustundir	NOEC	10 mg/l
Tólúen	108-88-3	Vatnafló	Tilraun	7 dagar	NOEC	0,74 mg/l
Tólúen	108-88-3	Virk seyra	Tilraun	12 klukkustundir	IC50	292 mg/l
Tólúen	108-88-3	Sýklar	Tilraun	16 klukkustundir	NOEC	29 mg/l
Tólúen	108-88-3	Sýklar	Tilraun	24 klukkustundir	EC50	84 mg/l
Tólúen	108-88-3	Haugáni	Tilraun	28 dagar	LC50	>150 Mg fyrir kíló af líkamsþyngd
Tólúen	108-88-3	Jarðvegsörverur	Tilraun	28 dagar	NOEC	<26 Mg/kg (þurrvigt)

12.2. Þrávirkni og niðurbrjótanleiki

Efni	CAS-nr.	Prófunargerð	Lengd	Gerð rannsóknar	Niðurstaða prófunar	Verklag
Xýlen	1330-20-7	Tilraun Lífniðurbrot	28 dagar	Lífræn súrefnisþörf	90-98 %BOD/ThOD	OECD 301F – Öndunarprófun með þrýstimælingu
Xýlen	1330-20-7	Tilraun Ljósrof		Helmingunartími við ljóssundrun (í andrúmslofti)	1.4 dagar (t 1/2)	
Tólúen	108-88-3	Tilraun Lífniðurbrot	20 dagar	Lífræn súrefnisþörf	80 %BOD/ThOD	APHA Std aðf. vatn/skólp
Tólúen	108-88-3	Tilraun Ljósrof		Helmingunartími við ljóssundrun (í andrúmslofti)	5.2 dagar (t 1/2)	

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Efni	CAS-nr.	Prófunargerð	Lengd	Gerð rannsóknar	Niðurstaða prófunar	Verklag

Xýlen	1330-20-7	Tilraun BCF - Fiskur	56 dagar	Þáttur í uppsöfnun í lífverum	25.9	
Tólúen	108-88-3	Tilraun Lífþéttnistuðull (BCF) – Annað	72 klukkustundir	Þáttur í uppsöfnun í lífverum	90	
Tólúen	108-88-3	Tilraun Lífþéttni		Log af deilistuðli oktanóls/vatns	2.73	

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Efni	CAS-nr.	Prófunargerð	Gerð rannsóknar	Niðurstaða prófunar	Verklag
Tólúen	108-88-3	Tilraun Hreyfanleiki í jarðvegi	Koc	37-160 l/kg	

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB-eiginleikum

Þetta efni inniheldur engin efni flokkuð sem PBT- eða vPvB-efni

12.6. Hormónaraskandi eiginleikar

Í þessu efni eru engin efni sem talið er að sé hormónaraskandi með áhrif á umhverfið

12.7. Aðrar aukaverkanir
Engar upplýsingar fyrirliggjandi

13. LIÐUR: Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs
Fargið innihaldi/íláti í samræmi við staðbundnar/svæðisbundnar/innlendar/alþjóðlegar reglugerðir.

Brennið í viðurkenndri sorpbrennslustöð. Einnig er hægt að nota viðurkennda förgunarstöð. Tómar tunnur/ílát sem notuð eru við flutning og meðhöndlun á hættulegum íðefnum (efni/blöndur/efnablöndur sem flokkaðar eru sem hættulegar skv. gildandi reglugerðum) skulu vera geymd, meðhöndluð og fargað eins og hættulegum úrgangi nema kveðið sé á um annað í gildandi reglugerðum um meðhöndlun úrgangs. Ráðgist við viðkomandi yfirvöld til að finna tiltækan meðhöndlunar- og förgunarstað.

Kóðun á straumi úrgangs er byggð á notkun vörunnar af hálfu neytandans. Þar sem þetta er ekki í höndum 3M verða engir úrgangskóðar veittir fyrir vörur eftir notkun. Frekari upplýsingar um úthlutun á réttum úrgangskóða fyrir úrganginn er að finna í Evrópsku úrgangsskránni (EWC – 2000/532/EB og breytingum á henni). Tryggið að farið sé eftir landsbundnum og/eða svæðisbundnum reglugerðum og notið ávallt verktaka með tilskilin leyfi til að farga úrgangi.

ESB-úrgangskóði (vara eins og hún er seld)
080111* Úrgangsmálning og -lakk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni
080409* Úrgangslím og -þéttiefni sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni

14. LIÐUR: Upplýsingar um flutninga

	Flutningur á jörðu (ADR)	Flutningur í flugi (IATA)	Flutningur á sjó (IMDG)
14.1 UN númer eða auðkennistala	UN1866	UN1866	UN1866

14.2 SÞ rétt sendingarheiti	KVOÐULAUSN	KVOÐULAUSN	KVOÐULAUSN
14.3 Flokkur(ar) flutningshættu	3	3	3
14.4 Pökkunarflokkur	III	III	III
14.5 Umhverfishætta	Ekki hættulegt umhverfinu	Á ekki við.	Ekki sjávarmengunarvaldur
14.6 Sérstakar varúðarráðstafanir fyrir notanda	Nánari upplýsingar er að finna í öðrum köflum öryggisblaðsins.	Nánari upplýsingar er að finna í öðrum köflum öryggisblaðsins.	Nánari upplýsingar er að finna í öðrum köflum öryggisblaðsins.
14.7 Sjóflutningar í stórsölu samkvæmt Alþjóðasiglingamálastofnun	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi
Stýra hitastigi	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi
Hitastig við neyðarástand	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi	Engin gögn fyrirliggjandi
ADR flokkunarkóði	F1	Á ekki við.	Á ekki við.
IMDG aðgreiningarkóði	Á ekki við.	Á ekki við.	EKKERT

Notið heimilisfangið eða símanúmerið á fyrstu síðu öryggisblaðsins til að fá meiri upplýsingar um flutning/sendingu efnisins á járnbrautum (RID) eða skipgengum vatnaleiðum (ADN).

15. LIÐUR: Upplýsingar varðandi regluverk

15.1. Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis

Krabbameinsvaldandi áhrif

Innihaldsefni	CAS-nr.	Flokkun	Reglugerð
Tólúen	108-88-3	Hóp. 3: Flokkast ekki	Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunin
Xýlen	1330-20-7	Hóp. 3: Flokkast ekki	Alþjóðakrabbameinsrannsóknastofnunin

Takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun:
Samkvæmt XVII. viðauka REACH-reglugerðarinnar falla eftirfarandi efni sem þessi vara inniheldur undir takmarkanir að því er varðar framleiðslu, setningu á markað og notkun þegar þau finnast með tilteknum hættulegum efnum, efnablöndum og hlutum. Notendum vörunnar er skylt að fara eftir þeim takmörkunum sem kveðið er á um í ofangreindu ákvæði.

Innihaldsefni	CAS-nr.
Tólúen	108-88-3
Xýlen	1330-20-7

Staða takmörkunar: kemur fram í XVII. viðauka REACH

Takmörkuð notkun: Takmörkunarskilyrði má finna í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006

Hnattræn birgðastaða
Hafið samband við 3M til að fá frekari upplýsingar. Efnisþættir þessa efnis eru í samræmi við ákvæði kóreskra laga um eftirlit með íðefnum. Tilteknar takmarkanir kunna að eiga við. Hafið samband við söludeild til að fá nánari upplýsingar. Efnisþættir þessa efnis eru í samræmi við ákvæði landsbundinnar tilkynningar og matsáætlunar um íðefni til iðnaðarnota í Ástralíu (NICNAS). Tilteknar takmarkanir kunna að eiga við. Hafið samband við söludeild til að fá nánari upplýsingar. Efnisþættir þessarar vöru eru í samræmi við tilkynningarskyldu CEPA fyrir ný efni. Efnisþættir þessarar vöru eru í samræmi við tilkynningarskyldu TSCA fyrir íðefni. Allir áskildir efnisþættir þessarar vöru eru skráðir í virka hluta birgðaskrár TSCA.

TILSKIPUN 2012/18/ESB
Hættuflokkar Seveso-tilskipunarinnar, viðauki 1, hluti 1

Hættuflokkar	Þröskuldsmagn (tonn) fyrir umsókn fyrir	
	Minni kröfur	Meiri kröfur
P5c ELDFIMIR VÖKVAR*	5000	50000

*Ef haldið er við hitastig umfram suðumark eða ef sérstakar aðstæður eru í ferli, svo sem háþrýstingur eða hátt hitastig, getur það orsakað hættuleg stórslys, P5a eða P5b ELDFIMIR VÖKVAR kunna að eiga við

Hættuleg efni tilgreind í Seveso-tilskipuninni, viðauka 1, hluta 2
Ekkert

Reglugerð (ESB) 649/2012
Engin efni skráð

15.2. Efnaöryggismat
Efnaöryggismat hefur ekki farið fram fyrir þessa blöndu. Skráningaraðili kann að hafa framkvæmt efnaöryggismat fyrir innihaldsefni í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, með áorðnum breytingum.

16. LIÐUR: Aðrar upplýsingar

Skrá yfir viðeigandi hættusetningar

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa.
H226	Eldfimur vökvi og gufa.
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg.
H312	Hættulegt í snertingu við húð.
H312 + H332	Harmful in contact with skin or if inhaled.
H315	Veldur húðertingu.
H319	Veldur alvarlegri augnertingu.
H332	Hættulegt við innöndun.
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum.
H336	Getur valdið sljóleika eða svima.
H361d	Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði.
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif.
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif: taugakerfi | skynfæri.
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Upplýsingar um endurskoðun:
Kafli 01: Netfang upplýsingum var breytt.
Kafli 03: Tafla með samsetningu innihaldsefna / upplýsingum um innihaldsefni upplýsingum var breytt.
Kafli 06: Upplýsingar vegna losunar í ógáti upplýsingum var breytt.

Kafli 07: Skilyrði fyrir örugga geymslu upplýsingum var breytt.
Kafli 11: Heilsufarsleg áhrif – upplýsingar um innöndun upplýsingum var breytt.
Kafli 15: Upplýsingar um krabbameinsvaldandi áhrif upplýsingum var breytt.

Viðauki

1. Titill	
Auðkenni efnis	Xýlen; EB-nr. 215-535-7; CAS-nr. 1330-20-7;
Heiti váhrifasviðsmyndar	Notkun á þekjuefnum í iðnaði
Stig vistferils	Notkun á iðnaðarsvæðum
Áhrifavaldandi aðgerðir	PROC 05 -Blöndun eða samruni í runuvinnsluferlum PROC 10 -Efni borið á með rúllu eða bursta ERC 04 -Notkun óhvarfgjarns hjálparefnis við vinnslu á iðnaðarsvæði (án yfirfærslu í eða á vöru)
Vinnsla, verkefni og starfsemi sem þetta nær yfir	Varan notuð með blöndunarstút Varan notuð með rúllu eða bursta. Notkun vöru með byssu Blöndun fastra eða fljótandi efna. Flutningur með sérstakri stjórnun, þar með talið ferming, áfylling, losun, pökkun. Flutningur án sérstakrar stjórnunar, þar með talið ferming, áfylling, losun, pökkun.
2. Notkunaraðstæður og ráðstafanir við áhættustjórnun	
Notkunarskilyrði	**Eðlisástand:**Vökvi **Almenn notkunarskilyrði:** Gerir ráð fyrir notkun við ekki meira en 20°C yfir umhverfishita; Lengd notkunar: 8 klst./dag; Losunardagar á ári: 300 dagar/ári.; Innanhúss með góðri almennri loftræstingu;
Ráðstafanir við áhættustjórnun	Eftirfarandi ráðstafanir við áhættustjórnun gilda við þær notkunaraðstæður sem lýst er hér að ofan: **Almennar ráðstafanir við áhættustjórnun:** **Heilbrigði manna:** Ekki nauðsynlegt; **Umhverfismál:** Skólphreinsistöð í viðkomandi sveitarfélagi; ; Eftirfarandi verksértækar ráðstafanir við áhættustjórnun gilda til viðbótar við þær sem taldar eru upp hér að ofan: **Verk: Blöndun**; **Heilbrigði manna**; Tryggið útdráttarræsingu á stöðum þar sem losun á sér stað;
Ráðstafanir fyrir meðhöndlun úrgangs	Ekki skal bera iðnaðareðju á náttúrulegan jarðveg;
3. Spá um váhrif	
Spá um váhrif	Ekki er búist við að áætluð váhrif á vinnustað fari yfir DNEL-gildi (afleidd áhrifaleysismörk) og PNEC-gildi (styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg) þegar ráðstafanir við áhættustjórnun eru innleiddar.

1. Titill	
Auðkenni efnis	Xýlen; EB-nr. 215-535-7; CAS-nr. 1330-20-7;
Heiti váhrifasviðsmyndar	Fagleg notkun á þekjuefnum
Stig vistferils	Víðtæk notkun hjá sérhæfðu starfsfólki
Áhrifavaldandi aðgerðir	PROC 08a -Flutningur efnis eða efnablöndu (hleðsla og losun) í ósérhæfðum vinnslustöðvum PROC 10 -Efni borið á með rúllu eða bursta

	ERC 08a -Víðtæk notkun óhvarfgjarna hjálparefna (án yfirfærslu í eða á vöru, innandyra) ERC 08d -Víðtæk notkun óhvarfgjarnra hjálparefna (án yfirfærslu í eða á vöru, utandyra)
Vinnsla, verkefni og starfsemi sem þetta nær yfir	Varan notuð með rúllu eða bursta. Notkun vöru með byssu Flutningur án sérstakrar stjórnunar, þar með talið ferming, áfylling, losun, pökkun.
2. Notkunaraðstæður og ráðstafanir við áhættustjórnun	
Notkunarskilyrði	**Eðlisástand:**Vökvi **Almenn notkunarskilyrði:** Gerir ráð fyrir notkun við ekki meira en 20°C yfir umhverfishita; Lengd notkunar: 8 klst./dag; Innanhúss með góðri almennri loftræstingu; **Verk: Flutningsefni**; Lengd notkunar: 4 klst./dag;
Ráðstafanir við áhættustjórnun	Eftirfarandi ráðstafanir við áhættustjórnun gilda við þær notkunaraðstæður sem lýst er hér að ofan: **Almennar ráðstafanir við áhættustjórnun:** **Heilbrigði manna:** Lofthreinsandi öndunarhlíf með hálfgrímu; **Umhverfismál:** Skólphreinsistöð í viðkomandi sveitarfélagi;
Ráðstafanir fyrir meðhöndlun úrgangs	Ekki skal bera iðnaðareðju á náttúrulegan jarðveg;
3. Spá um váhrif	
Spá um váhrif	Ekki er búist við að áætluð váhrif á vinnustað fari yfir DNEL-gildi (afleidd áhrifaleysismörk) og PNEC-gildi (styrkur þar sem engin áhrif eru fyrirsjáanleg) þegar ráðstafanir við áhættustjórnun eru innleiddar.

FYRIRVARI: Upplýsingarnar sem koma fram á þessu öryggisblaði eru byggðar á reynslu okkar og eru réttar samkvæmt okkar bestu vitund þegar blaðið er gefið út, en við tökum enga ábyrgð á tapi, skemmdum eða meiðslum sem orsakast af notkun þess (nema að því marki sem lög kveða á um). Upplýsingarnar gilda hugsanlega ekki fyrir notkun sem ekki er getið um á öryggisblaðinu eða notkun vörunnar með öðrum efnum. Því er mikilvægt að viðskiptavinir geri sínar eigin prófanir til að fullvissa sig um hentugleika vörunnar við fyrirhugaða notkun.